

Enn fremur veitist téðu félagi leyfi til sama tíma til reksturs reglubundinna áætlunarferða með farþega, póst og vörur á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Ísafjörður—Akureyri—Ísafjörður.
2. Ísafjörður—Egilsstaðir—Ísafjörður.
3. Ísafjörður—Hornafjörður—Ísafjörður.
4. Sauðárkrókur—Akureyri—Sauðárkrókur.
5. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur.
6. Akureyri—Húsavík—Akureyri.
7. Akureyri—Kópasker—Akureyri.
8. Akureyri—Þórshöfn—Akureyri.
9. Hornafjörður—Egilsstaðir—Hornafjörður.
10. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

10. september 1965.

Nr. 175.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur hefur hámarkshraði á Suðurlandsvegi verið lækkaður úr 60 km á klst. í 45 km á klst. á kaflanum frá Vesturlandsvegi að Rauðavatni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. september 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

13. september 1965.

Nr. 176.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- I. Bústaðavegur verði aðalbraut; þó skal umferð um Bústaðaveg víkja fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg.
- II. Einstefnuakstur á Brávallagötu frá vestri til austurs.
- III. Bifreiðastöður bannaðar:
 1. Á Hátúni, sunnan megin götunnar.
 2. Á Geirsgötu og miðbakka hafnarinnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. september 1965.

Sigurjón Sigurðsson.